

Forsætisnefnd

***Endurskoðun á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar***

Vísað er til bréfs skrifstofu borgarstjórnar til forsætisnefndar, dags. 29. maí sl., varðandi sama mál en þar kom m.a. fram að á fundi borgarstjórnar 20. febrúar sl. voru samþykktar ellefu tillögur um skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sem höfðu það að meginmarkmiði að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti Reykjavíkurborgar. Í tillögu sem var merkt númer 8 kom fram að á innleiðingartíma breytinganna verði unnið að viðeigandi breytingum á samþykktum Reykjavíkurborgar og þær lagðar fyrir borgarstjórn til samþykktar tímanlega fyrir gildistöku breytinganna 1. júní nk.

Með erindisbréfi, dags. 8. apríl sl., skipaði borgarritari verkefnahóp, sem undirrituð stýrði, sem var falið að yfirfara og samræma gildandi samþykktir um stjórn Reykjavíkurborgar og ráð með tilliti til yfirstandandi breytinga á stjórnsýslu og gera nýja samþykkt fyrir framkvæmdastjórn Reykjavíkur. Nú hefur verkefnahópurinn lokið fyrsta áfanga verksins, með aðkomu viðkomandi fagsviða og mannauðsskrifstofu. Eftirtaldar endurskoðaðar samþykktir eru nú lagðar fram á fundi forsætisnefndar til að unnt sé að vísa þeim til afgreiðslu borgarstjórnar á fundi hennar 18. júní nk. ef nefndin metur svo:

- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum (fyrri umræða)
- Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð
- Samþykkt fyrir velferðarráð
- Samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð
- Samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkur

Einnig hafa eftirtaldar samþykktir verið lítilla uppfærðar:

- Samþykkt fyrir skipulags- og samgönguráð
- Samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð

Verkefnahópurinn óskaði eftir ábendingum og athugasemdum forsætisnefndar og annarra aðila sem hafa komið að vinnunni núna við lokafráganginn. Unnið hefur verið úr öllum ábendingum sem borist hafa. Eins og fram kemur í erindinu var meginmarkmiðið að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti Reykjavíkurborgar og var það aðalleiðarljós við endurskoðunina. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða, fremur yfirferð og samræming orðalags, einföldun og samlestur.

Eftirtaldar samþykktir sem stefnt var að leggja fram á þessum tíma eru ekki tilbúnar og verður unnið áfram að þeim á næstu vikum:

- Samþykkt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð
- Samþykkt fyrir framkvæmdastjórn Reykjavíkur (í þeim drögum sem liggja fyrir er kveðið á um skráningu fjárhagslegra hagsmuna embættismanna Reykjavíkurborgar).

Virðingarfyllt,

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar